

Ísafjarðarbær

Axel R. Överby

Sviðsstjóri umhverfis- og eingasviðs

Reykjavík, 10.12.2024

**Varðar:** Skipulagsbreytingar við Núp í Dýrafirði

Sæll Axel,

fyrir hönd landeiganda er með bréfi þessu óskað eftir heimild til að ráðast í breytingar á skipulagi landeigna við Núp í Dýrafirði. Um er að ræða land með númerinu:

L140979 – skráð stærð 81.773m<sup>2</sup>

Landið skiptist í tvo misstóra skika ofan og neðan Ingjaldssandsvegur nr. 624. Ofan vegar standa tvær eldri skólabyggingar en neðan vegar eru engar byggingar á landinu sem um ræðir. Á báðum landskikum hefur verið sniðin stök lóð úr heildarskikum, sbr. myndina að neðan sem sótt er úr landeignaskrá.



**Landeign L140979** ✕

Auðkenni	L140979
Sveitarfélag	Ísafjarðarbær (4200)
Gerð	Lóð
Skráð stærð	81.773,8 m <sup>2</sup>
Mæld stærð	81.786,3 m <sup>2</sup>

**Afmörkun** 2

Skiki	Mæld stærð
1/2	22.318,4 m <sup>2</sup>
2/2	59.468 m <sup>2</sup>

**Um afmörkun 2/2**

Aðferð skráningar	Innslegin hnit
Nákvæmni (m)	Ekki vitað
Heimild	Þinglýst skjöl/Skjöl frá sveitarfélagi
Athugasemd	Afmörkun leiðrétt vegna tilkomu nýrrar lóðar Makaskiptasamningur

**Staðföng** 3

- Núpsvegur 1
- Núpsvegur 3
- Núpsvegur 5

**Eigendur** 1 ⓘ

HérNú ehf.	100%
------------	------

Mynd úr Landeignaskrá HMS.

Landeigendum er kunnugt um ákvæði gildandi aðalskipulags fyrir svæðið, en ekki ljóst hvaða áform hefur verið unnið með í heildarendurskoðun aðalskipulags sveitarfélagsins sem nú stendur yfir. Óskað er eftir heimild til þess að fjölga íbúðum á skika ofan vegar í skólabyggingunum. Heimilt verði að skipta núverandi húsnæði upp fleiri íbúðir og samtals verði heimilt að hafa allt að 30 íbúðir á landskikanum. Þörf er á íbúðarhúsnæði á svæðinu í tengslum við atvinnuuppbyggingu í sveitarfélaginu og falast hefur verið eftir íbúðum hjá lóðarhöfum. Núverandi skólahúsnæði hentar vel til búsetu og það samræmist vel sjónarmiðum um hringrásarhagkerfi og endurnýtingu að lengja líftíma eldra húsnæðis og finna því nýtt hlutverk til framtíðar. Landeigendur hafa hvorki hug á að reka ferðaþjónstu né skólaþjónustu í samræmi við heimildir þess aðalskipulags sem senn rennur úr gildi. Einnig verði heimilt að skipta landinu upp í fleiri lóðir í deiliskipulagi og skilgreina nokkrar frístundalóðir í samræmi við heimildir núgildandi aðalskipulag.



Loftmynd af Núpi.



Fyrirspurn tekur til fremri skólabygginganna tveggja.

Neðan vegar er óskað eftir heimild til þess að skipuleggja frístundabyggð og skipta landinu upp í allt að 15 sumarhúsaloðir í deiliskipulagi. Umhverfið og útsýnið á staðnum er einstakt og áhugasamir hafa falast eftir lóðum hjá landeigendum.



Vetrarmynd af Núpi.

Það er mat landeigenda að auknar heimildir geti styrkt Núpstorfuna og uppbygging beggja vegna vegarins; íbúðir og sumarhúsabyggð geti notið góðs hvor af annarri. Þau svæði þar sem óskað er eftir uppbyggingarheimildum eru utan þekkra snjóflóðasvæða, sbr. mynd að neðan.

Fyrir hönd landeiganda,

Silja Traustadóttir, arkitekt FAÍ

Viðhengd er loftmynd með upplýsingum um þekkt snjóflóð á svæðinu.

